

AUGLÝSING

um samning við Lettland um samstarf á sviði ferðaþjónustu.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands um samstarf á sviði ferðaþjónustu, sem gerður var í Ríga 9. október 2000, öðlaðist gildi 9. júlí 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 25. júlí 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands um samstarf á sviði ferðaþjónustu.

AGREEMENT between the Government of the Republic of Latvia and the Government of the Republic of Iceland on Co-operation in the Field of Tourism

Ríkisstjórn Lýðveldisins Lettlands og ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands, hér á eftir nefndar aðilar,

viðurkenna að það er báðum aðilum í hag að koma á nánu og langvarandi samstarfi á sviði ferðaþjónustu,

vilja þróa samskipti á þessu sviði, bæði milli landanna tveggja og innlendra samtaka um ferðaþjónustu í þessum löndum,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu beita sér fyrir því að auka ferðamannastraum milli Lýðveldisins Lettlands og Lýðveldisins Íslands í því skyni að efla gagnkvæma þekkingu á lífi, sögu og menningu þjóða sinna.

Samstarfið mun fara fram í samræmi við þau lög og reglur sem í gildi eru í báðum löndunum og í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. gr.

Aðilar skulu stuðla að nánu samstarfi ferðamálayfirvalda, innlendra samtaka um ferðaþjónustu og annarra stofnana sem eiga hlut að þróun alþjóðlegrar og innlendra ferðaþjónustu.

The Government of the Republic of Latvia and the Government of the Republic of Iceland, hereinafter referred to as the Parties,

acknowledge that it is in their mutual interest to establish tight and long-term co-operation in the field of tourism,

desire to develop relations in this field between both countries as well as their national tourist organizations,

HAVE AGREED ON THE FOLLOWING:

Article 1

The Parties shall assist in the extension of the tourist traffic between the Republic of Latvia and the Republic of Iceland for the purpose of improving the mutual knowledge of life, history and culture of their nations.

Co-operation will be implemented in accordance with the laws and regulations that are in effect in the two countries and the provisions of this Agreement.

Article 2

The Parties shall favour closer co-operation between their tourist authorities and national tourist organizations as well as between other organizations participating in the development of international and domestic tourism.

3. gr.

Aðilar skulu greiða fyrir miðlun upplýsinga til ferðamanna, einkum með prentuðu efni, kvikmyndum, auglýsingaherferðum, ráðstefnum og málþingum og með því að skipuleggja sýningar og kaupstefnur. Aðilar geta komið á fót upplýsingamiðstöðvum eða skipað fulltrúa ferðamálayfirvalda í viðkomandi landi.

4. gr.

Aðilar skulu hafa samvinnu um að veita aðstoð vegna menntunar, starfsþjálfunar og skipta á fagfólki, starfsfólki og nemendum í ferðaþjónustugeiranum. Aðilar skulu aðstoða opinberar stofnanir og einkastofnanir við ýmiss konar rannsóknir og verkefni sem lúta að uppbyggingu í ferðaþjónustu.

5. gr.

Aðilar skulu skiptast á upplýsingum um lög, gjöf, reynslu og gögn fyrir milligöngu ferðamálayfirvalda, svo og upplýsingum um starf sitt innan alþjóðlegra samtaka um ferðaþjónustu.

6. gr.

Til að auka áhrifin af framkvæmd samningsins skulu aðilar stofna sameiginlega ferðaþjónustunefnd, skipaða opinberum starfsmönnum á sviði ferðaþjónustu frá báðum löndunum, með því markmiði að hrinda í framkvæmd sameiginlegum tillögum, áætlunum og ályktunum um þróun tvíhliða samstarfs á sviði ferðaþjónustu.

Aðilum er heimilt að bjóða fagfólki og fulltrúum úr einkageiranum, frá báðum löndunum, að taka þátt í starfi nefndarinnar.

7. gr.

Aðilar hafa komið sér saman um að eftirtalin yfirvöld skuli bera ábyrgð á framkvæmd þessa samnings:

umhverfisverndar- og svæðisþróunarráðuneytið af hálfu ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands og

samgönguráðuneytið af hálfu ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands.

8. gr.

Hvorugur aðilinn er ábyrgur eða skadabótaskyldur með tilliti til þess hvernig hinn aðilinn fer með eða nýtir sér árangurinn af samstarfinu samkvæmt þessum samningi.

Article 3

The Parties shall facilitate the exchange of tourist information, namely by means of printed material, films, advertising campaigns, conferences and seminars, organization of exhibitions and trade fairs. The Parties can establish information centres or appoint representatives of their tourist authorities in the respective countries.

Article 4

The Parties shall co-operate to assist in education, training and exchange of experts, personnel and students in the tourist sector. The Parties shall assist both public and private organizations, to carry out different tourist development studies and projects.

Article 5

The Parties shall exchange information about legislation, experience and data through their tourist authorities as well as regarding their activities in international tourist organizations.

Article 6

To enhance the implementation of this Agreement, the Parties shall establish a Joint Tourism Committee comprising tourism officials from both countries, with the aim to implement joint proposals, programs and resolutions concerning the development of bilateral co-operation in the field of tourism.

The Parties may invite experts and representatives of the private sector from both countries to participate in the activities of the Committee.

Article 7

The Parties have agreed that the responsibility for the implementation of this Agreement shall be borne by the following authorities:

the Ministry of Environmental Protection and Regional Development, on behalf of the Government of the Republic of Latvia, and

the Ministry of Communications on behalf of the Government of the Republic of Iceland.

Article 8

Neither Party will accept any responsibility or liability as to how the results of the co-operation under this Agreement are applied or used by the other Party.

9. gr.

Aðilar mega því aðeins breyta samningi þessum að það sé gert skriflega og með samþykki beggja aðila.

10. gr.

Ef ágreiningur rís milli aðila um túlkun eða beitingu þessa samnings skulu þeir fara samningsleiðina eða beita einhverri annarri málsméðferð við lausn deilumála sem aðilar geta fallist á.

11. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum að eigin málsmeðferð sé lokið.

Samningur þessi skal gilda í þrjú ár og fram-
lengjast sjálfkrafa um önnur þrjú ár, nema annar aðilinn tilkynni hinum aðilanum skriflega sex mánuðum áður en samningurinn fellur úr gildi að hann óski eftir að segja samningnum upp.

Uppsögn samnings þessa skal ekki hafa áhrif á framkvæmd áætlana og verkefna sem kann að vera stofnað til á gildistíma hans, nema aðilar komi sér saman um annað.

Gjört í Ríga hinn 9. október 2000 í tveimur frumritum á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Lettlands

Indulis Berzins

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands

Kornelíus Sigmundsson

Article 9

This Agreement may be amended by the Parties only if in writing and with the acceptance of both Parties.

Article 10

If a dispute arises between the Parties concerning the interpretation or application of this Agreement, the Parties shall seek a solution by negotiation or by any other method of dispute settlement acceptable to the Parties.

Article 11

This Agreement shall enter into force when both Parties have notified each other that their necessary internal procedures are completed.

This Agreement shall be in force for a period of three years and shall be automatically extended for another period of three years unless either Party informs the other Party in writing of its desire to terminate this Agreement six months before the expire date of the Agreement.

Termination of the present Agreement shall not affect the implementation of programs and projects, which may be launched during the period of its validity, unless agreed upon otherwise by the Parties.

Done at Riga on 9 October 2000 in two original copies in English.

For the Government of the Republic of
Latvia
Indulis Berzins

For the Government of the Republic of
Iceland
Kornelíus Sigmundsson